



tonihar010

Nú fer þreytan að segja til sín. Það fer mikil orka í að halda fullri einbeitingu í tvo leiki á dag. Núna fer það að telja hvað við skuldum mörg spil á þá bestu. Við erum í keppni við menn sem spila miklu meira en við. Samt er róið að því öllum árum að stytta mót á Íslandi, fækka spilum, jafnvel fella niður mót. Það vantar rútinuna, spilaæfinguna og úthaldið að spila mikið og lengi. Það vantar ekki talentinn og við höfum jafnvel meiri breidd en margar af sterkustu þjóðunum.

Einn leikur á rama í dag, við Mónakó. Það er 6. leikurinn í sýningarsalnum hjá okkur, allt í allt þá komnir samtals 10 leikir á bbo.

Áhugasamir geta vart kvartað

Miðvikudagur 13.júní

Leikur 22

Mónakó

NS Jón-Bessi

AV Alli-Matti

Í impum 46-30 14,18 stig

Helgemo og Helness eru eitt sterkasta bridgeparið í heiminum í dag. Og auðvitað er gaman að reyna sig við þá bestu. Enn einn leikurinn í sýningarsalnum. Við getum verið stoltir af frammistöðunni til þessa og hafa verið á rama í mörgum leikjum. Við minnum vel á okkur í þessu móti, vonaldi verður framhald þar á. Multon og Martens spiluðu fyrir Mónakó. Multon finnst mér leiðinlegur gaur. Ég lenti í honum á Möltu99 þegar hann spilaði með Frökkum. Það gekk illa hjá honum og þá kallaði hann á keppnisstjóra bara til að trufla mig, óreyndan græningjann.

Það kom upp atvik í spili 27. Matti var í slemmu og þegar andstæðingur trompaði það Matti um hjarr-tígul drottninguna og benti ákveðið á tíguldrottninguna til að yfirtrompa. Multon kallaði á keppnisstjóra og videoið var

skoðað. Matti fékk að yfirtrompa en hitti síðan ekki á að vinna samninginn. Það má telja á fingrum annarar handar spilarana sem eru svo ósvífnir að kalla á keppnisstjórann í þessari stöðu. Multon er einn þeirra. Lélegur karakter. Ætli hann eigi einhverja vini? Mér finnst mjög sérstakt að Zimmermann skuli kaupa þannan kauða til að spila við sig eins og þeir eru miklir heiðursmenn hinir í liðinu. Bessi náði að dubla yfirfærslusögn í spili 19 og fá útspil í litnum. Helgemo á sínum normal ultrahraða setti strax tíuna úr blindum frá A10 og Bessi var enn fljótari að dúkka með Kxxxx Þeir taka mig sko ekki á tempóinu þessir menn. Í spili 30 átti Jón hörkumeldingu, 3nt á marflata 14 punkta eftir 3 spaða-pass-pass. Það var eins gott að þú áttir þessa hönd sagði Bessi við hann, ég hefði alltaf passað. 8 impar inn hjá Jóni. Jón átti heimsklassa leik eins og sjá mátti á bbo.

Leikurinn var vel spilaður hjá okkar mönnum og við unnum sanngjarnan sigur.



Krzysztof Martens, þjálfari Mónaco liðsins er einn sterkasti spilarinn sem Pólverjar hafa átt. Zimmermann leggur mikla áherslu á að ná sæti á Bermuda Bowl. Martens spilar því mikið.

Leikur 23

Ukraína

NS Matti-Alli

AV Ómar-Raggi

Í impum 34-20 13,75 stig

Ég þekki ekkert til þessara Úkraínumanna. Ef okkar menn gera sitt besta þá reikna ég með sigri en eins og ég hef áður nefnt þá er enginn leikur auðveldur hér.

Og ekki byrjaði það vel. Random sveifla út þegar slemma var gefin á útspili. Ekkert við því að gera nema bölvá í hljóði og gleyma því svo, og einbeita sér að næsta spili. Svo fór þetta að falla með okkur, einn hér og tveir þar.

Spil 12 V/NS

♠ 32
♥ KQT632
♦ AK8
♣ 74

♠ AQJ4 ♠ K75
♥ J4 ♥ 87
♦ QJ7542 ♦ 963
♣ A ♣ JT932


♠ T986
♥ A95
♦ T
♣ KQ865

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
Ómar		Raggi	
1 ♦	2 ♥	pass	4 ♥
Dobl	allir pass		

1 tígull hjá Ómari er precision og þegar hann doblaði 4 hjörtu lýsti það áhuga að melda meira með spaða og tígul. Raggi hafði ekkert að segja og spilaði út lauf gosa. Hefði verið flott ef Ómar á eyðu þar. Spilið fór fljótt einn niður á laufstungunni, +200

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
	Matti		Alli
1 ♦	1 ♥	pass	2 ♦*
2 ♠	4 ♥	4 ♠	pass
Pass	dobl	5 ♦	pass
Pass	dobl	allir pass	

2 tíglar hjá Alla var gott reis í hjarta. Austur fékk bakþanka og þorði ekki að sitja í spöðunum dobluðum, skiljanlega. Matti spilaði út hjarta kóng, nían hjá Alla, oddatala. Talning á fimmta sagnstigi í kónginn. Nú svissaði Matti í spaða og spilaði aftur spaða inná trompi. Hjartaásinn var svo innkoma til að gefa spaðastungu, 500 niður og 12 impar. Sagnhafi gat sloppið einum betur með að spila hjarta og klippa á samgang varnarinnar, en það lítur bara svo illa út ef það mistekst. Niðurstaðan var ágætur sigur okkar manna í rólegum leik.



Norska bridgesambandið hefur komið sér upp skrifstofu í lobbíinu á spilastað. Þar sitja aldrei færri en 4 og stundum upp í 15 manns frá morgni til kvölds. Ég hef ekki grun um hvað þeir eru að gera en virka alltaf voða uppteknir við að rýna á tölvuskjái.

Leikur 24

Búlgaría

NS Jón-Bessi

AV Ómar-Raggi

Í impum 15-9 11,76 stig

Kannski er það gengi Búlgaranna sem hefur komið mér mest á óvart. Þeir hafa ekki verið í stuði. Þeir eru að fara í léttara program, spila við mörg lið úr neðri hlutanum svo það má vera að þeir taki við sér og sýni klærnar. Búlgarar hafa verið fastagestir á Bermuda Bowl í langan tíma, þ.a.l. verið meðal efstu þjóða á EM. Þeir hafa verið duglegir að heimsækja okkur á bridgehátíð svo við þekkjum þá nokkuð vel. Allt saman atvinnumenn sem kunna precision kerfið sitt vel. Leikurinn spilaðist hratt. Þetta var bara eins og í klúbbnum. Engar óparfa yfirheyrslur um sagnir og þegar Ómar ætlaði að fara að alerta á viðeigandi hátt þá bandaði Búlgarinn bara frá sér hendinni, allir vinir hér.

Spil 23 S/ALL

♠ 543	
♥ AK954	
♦ 765	
♣ Q9	
♠ KT96	♠ AJ8
♥ 76	♥ QJT3
♦ QT932	♦ 4
♣ J5	♣ T8432
♠ Q72	
♥ 82	
♦ AKJ8	
♣ AK76	

Eina svingið í leiknum kom í þessu spili. Bessi, eins og salurinn var í vonlausum 3nt sem hann fékk aðstoð andstæðinganna til að vinna. En það verður að leggja gildrunar til að veiða eitthvað. Útspil tígultía sem Bessi átti á gosann. Hann lagði niður tígul ásinn í slag tvö og austur henti spaða gosa! Nú kom hjarta á níuna sem austur átti og hann svissaði í lauf, lítið, gosi, drottning. Bessi spilaði lauf níunni

úr úr blindum, tíá, kóngur, lítið. Nú á Bessi gaffal í laufi. Hann spilar nú spaða að heiman frá Qxx og austur stíflaði nú spaðann með áttunni. Austur spilaði hjarta og Bessi tók nú hjartaslagina í blindum og henti tígli heima. Hér gat hann spilað austri inn á hjarta en Bessi var ekki með spaðastöðuna alveg á hreinu. Vestur gat hafa byrjað með A/Kx í litnum og hann yrði svo endaspilaður sem er þó ólíklegra en spaðastaðan við borðið. Hann spilaði tígli heim sem gaf austri færi á að losa sig við spaðaásinn en hann gerði það ekki. Í næsta slag átti austur á ásinn og var endaspilaður í laufi. 2 á hjarta, 3 á tígul og 4 á lauf. 9 slagir og 12 impar.



Ómar Olgeirsson er að spila sitt fyrsta Evrópumót og er að gera það með stæl. Ómar er alls ekki reynslulaus. Hann hefur spilað fyrir Ísland í flokki yngri spilara og verið duglegur að fara erlendis í mót. Hann hefur t.d. áður spilað hér í Ostend, þá á EM í parakeppni. Hann hefur nokkrum sinnum farið til Bandaríkjanna á national og hefur verið fastagestur í mótum hjá vinum sínum í Danaveldi auk móta í Svíþjóð og auðvitað á Madeira. Öll þessi reynsla kemur nú að góðum notum þegar á reynir.

tonihar010, 14.júní 2018

tonihar@simnet.is